

Samstarfssamningur Siglingastofnunar Íslands og Vinnueftirlits ríkisins

um verkaskiptingu eftirlits í flotkvíum, dýpkunarprömmum og öðrum prömmum og vegna eftirlits með vinnu á bátum styttri en 6 metrar.

Kafli I

Verkaskipting vegna eftirlits í flotkvíum, dýpkunarprömmum og öðrum prömmum.

Inngangur.

Siglingastofnun og Vinnueftirlitið settu á stofn vinnuhóp árið 2008, skipaðan fulltrúum stofnananna til að fjalla um verkaskiptingu á eftirliti í flotkvíum, dýpkunarprömmum og öðrum prömmum, en sérstaða þessara fljótandi fara er nokkur hvað varðar tæki og búnað. Vinnuhópurinn átti nokkra fundi og kom sér síðan saman um eftirfarandi samstarfssamning þar sem lýst er hlutverki hvors eftirlitsaðila, skýrð mörk verksviða og reynt að tryggja samræmdan skilning á ákvæðum laga og reglna.

I. Umsjón og eftirlit Siglingastofnunar.

Flotkvíar og prammar sem notaðir eru í atvinnuskyni og eru skráð skip á aðalskipaskrá, eru háð skoðun og eftirliti Siglingastofnunar eða þeirrar skoðunarstofu sem samkvæmt lögum hefur heimild til að skoða skip og önnur fljótandi för upp að ákveðinni stærð og Siglingastofnun hefur samþykkt.

Siglingastofnun annast skoðanir á þeim þáttum í flotkvíum og prömmum sem falla undir skipaskoðun, s.s. bolskoðun, búnaðarskoðun, vélskoðun, stöðugleika og almennt það sem þarf með tilliti til haffæris, sbr. verklagsreglur Siglingastofnunar.

II. Umsjón og eftirlit Vinnueftirlitsins.

Störf sem unnin eru um borð í flotkvíum og prömmum af öðrum en lögskráðum mönnum falla undir lög nr. 46/1980 og reglur og reglugerðir settar samkvæmt þeim og eru háð almennu eftirliti Vinnueftirlitsins. Vinnueftirlitið hefur þannig eftirlit með því að skipulag vinnuverndarstarfs sé samkvæmt reglugerð nr. 920/2006, um eftirlit vegna meðferðar hættulegra efna, notkun persónuhlífa, tækja og búnaðar sem notaður er við ákveðin störf í flotkvíum og prömmum s.s. verkpalla, véla og handverkfæra o.s.frv.

Vinnuvélar s.s. gröfur, kranar og lyftarar sem notaðar eru um borð í flotkvíum dýpkunarprömmum og öðrum prömmum, eru háðar eftirliti Vinnueftirlitsins.

Vinnueftirlitið hefur eftirlit með vinnuvélum og tækjum um borð í prömmum og flotkvíum sem eru sama eðlis og vinnuvélar og tæki sem eru eftirlitsskyld hjá Vinnueftirlitinu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Við mat á því hvort vinnuvél eða tæki falli undir eftirlit Vinnueftirlitsins skal miða við eiginleika vinnuvélar eða tækis en ekki látið skipta máli hvort vinnuvél eða tæki er laust, tímabundið fest eða varanlega fest við pramma eða flotkví, sbr. skráningarhandbók fyrir vinnuvélar og tæki.

Vinnueftirlitið hefur eftirlit með aðbúnaði starfsmanna í færanlegum starfsmannarýmum samkvæmt gildandi lögum og reglum.

III. Haffæri, skírteini og eftirlitsskýrslur.

Siglingastofnun og Vinnueftirlitið munu hvort um sig og óháð gefa út þau skírteini, leyfi og eftirlitsskýrslur er undir hvora stofnun heyra. Þannig mun Siglingastofnun gefa út hafærrisskírteini án tillits til stöðu þeirra skoðunarþátta sem falla undir Vinnueftirlitið og á sama hátt mun Vinnueftirlitið heimila notkun vinnuvéla og tækja án tillits til haffæris viðkomandi flotkvíar eða pramma.

Verði starfsmenn Siglingastofnunar eða Vinnueftirlitsins varir við í eftirliti sínu og skoðunum að þáttum er heyra undir hinn aðilann er ábótavant munu þeir tilkynna slíkt til hlutaðeigandi stofnunnar.

IV. Réttindi stjórnenda vinnuvéla og tækja.

Þegar starfsmenn úr landi stjórna vinnuvélum og tækjum er gerð krafa um réttindi samkvæmt gildandi lögum og reglum. Þegar lögskráðir skipverjar stjórna vinnuvélum og tækjum um borð í flotkvíum og prömmum er ekki gerð sérstök krafa um réttindi.

Kafli II

Varðar gerð öryggisáætlana og gerð skriflegra áætlana um öryggi og heilbrigði á vinnustað og rannsókn vinnuslysa vegna vinnu á bátum styttri en 6 metrar.

Inngangur

Í kjölfar slyss á farþega sem varð við flúðasiglingar í Jökulsá eystri í Skagafirði þann 14.8. 2009 hafa Siglingastofnun og Vinnueftirlitið skilgreint verkaskiptingu vegna öryggis ólögskráðra starfsmanna sem vinna á bátum styttri en 6 metrar á ám, vötnum og sjó, byggt á þeim lögum sem stofnanirnar starfa eftir.

I. Verksvið Vinnueftirlits og Siglingastofnunar

Samkvæmt lögum og reglugerðum skiptist verksvið þessara stofnana vegna öryggis ólögskráðra starfsmanna sem vinna á ám, vötnum og sjó á bátum styttri en 6 metra á eftirfarandi hátt:

Siglingastofnun gefur út starfsleyfi til siglingaklúbba, bátaleiga og smábáta sem stunda farþegaflutninga byggt á *reglum nr. 661/1996 um smíði báta styttri en 6 metrar*, sbr. lög nr. 47/2003 um eftirlit með skipum. Í samræmi við framangreindar reglur annast Siglingastofnun eftirlit með öryggi starfsmanna um borð í bátum, samkvæmt reglum nr. 661/1996:

- Skal starfsleyfishafi m.a. gera *öryggisáætlun* sem á að tryggja öryggi farþega og annarra sem nota báta hans og skal hún vera samþykkt af Siglingastofnun. Með hugtakinu “annarra” er hér átt við starfsmenn (við flúðasiglingar).
- Starfsmenn skulu vera viðurkenndir af Siglingastofnun sem leiðsögumenn eða leiðbeinendur og þurfa þá að hafa þá þekkingu og þjálfun í meðferð báta, fyrstu hjálp og öðrum öryggisþáttum sem nauðsynleg er með tilliti til viðkomandi starfsemi.

Vinnueftirlitið hefur skv. lögum nr. 46/1980 og reglum/reglugerðum byggðum á þeim eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi starfsmanna á vinnustöðum. Varðandi framangreinda starfsemi þá hefur stofnunin almennt eftirlit með öllu er snýr að vinnuvernd starfsmanna m.a.:

- *Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum*, en skv. henni ber atvinnurekanda að koma á vinnuverndarstarfi sem tekur til fyrirtækisins í heild og allra vinnuaðstæðna sem geta haft áhrif á öryggi og heilsu starfsmanna.
- Í því skyni skal atvinnurekandi í samvinnu við starfsmenn m.a. gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað en áætlunin felur m.a. í sér áhættumat starfa. Við gerð áhættumatsins skal meta áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi. Sérstaklega skal litið til starfa þar sem fyrirsjáanlegt er að öryggi og heilsu starfsmanna sem sinna þeim sé meiri hættu búin en öðrum starfsmönnum.

II. Niðurstaða varðandi verkaskiptingu og samstarf

Með hliðsjón af framangreindu liggur fyrir að ákveðin verkaskipting er milli Siglingastofnunar og Vinnueftirlits vegna eftirlits með siglingaklúbbum, bátaleigum og smábátum í farþegaflutningum með bátum sem eru styttri en 6 metrar, sem aðilar eru sammála um að vinna samkvæmt:

- Vinnueftirlitið mun í eftirlitsheimsóknum gefa fyrirmæli um gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði, þ.e. um áhættumat og áætlun um forvarnir, sem nær til allra þátta starfseminnar, bæði á landi og ám/vötnum/sjó, hjá siglingaklúbbum, bátaleigum og smábátum sem stunda farþegaflutninga.
 - Vinnueftirlitið mun fylgja eftir fyrirmælum um gerð áhættumats og áætlunar um forvarnir og að úrbætur séu gerðar gagnvart þeim þáttum sem snúa að vinnu í landi.
 - Litið er svo á að gerð öryggisáætlunar fyrir störf á ám/vatni/sjó sé jafngild áhættumati og áætlun um forvarnir. Siglingastofnun mun fylgja eftir fyrirmælum um gerð öryggisáætlunar og að úrbætur séu gerðar gagnvart þeim atriðum sem fram koma í áætluninni.
- Vinnueftirlitið annast rannsókn vinnuslysa á landi í samvinnu við lögreglu. Stofnunin annast einnig rannsókn vinnuslysa hjá starfsmönnum við vinnu á ám, vötnum og sjó í samvinnu við Siglingastofnun, lögreglu og Rannsóknarnefnd sjóslysa, eftir því sem við á.
- Lögregla og Rannsóknarnefnd sjóslysa annast rannsókn á slysum sem verða á farþegum og gestum á öllum fljótandi förum á ám, vötnum og sjó.

Í viðauka er vísað til gildandi laga og helstu reglna og reglugerða Siglingastofnunar og Vinnueftirlitsins sem við eiga.


18.06.2010

f.h. Vinnueftirlits ríkisins



Eyjólfur Sæmundsson
forstjóri

f.h. Siglingastofnunar Íslands



Hermann Guðjónsson
siglingamálastjóri

Viðauki

við samstarfssamning Siglingastofnunar Íslands og Vinnueftirlits ríkisins.

Lög, reglur og reglugerðir.

a. Lög og helstu reglur og reglugerðir Siglingastofnunar sem við eiga:

1. Lög um eftirlit með skipum, nr. 47/2003
2. Reglur um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 189/1994
3. Reglugerð um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa, nr. 53/2000.
4. Reglugerð um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 m, nr. 592/1994, með síðari breytingum.
5. Reglur um smíði fiskiskipa úr stáli allt að 50 m, nr. 327/1977, með síðari breytingum.
6. Reglugerð um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd, nr. 122/2004, með síðari breytingum.
7. Verklagsregla Siglingastofnunar nr. 25.10.05.01.01 um smíði og skoðanir á dýpkunarprömmum og öðrum prömmum sem starfa í höfnum og á afmörkuðu svæði.
8. Reglur nr. 661/1996 um smíði báta styttri en 6 metrar.

b. Lög og helstu reglur og reglugerðir Vinnueftirlitsins sem við eiga:

1. Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980
2. Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs ávinnustöðum nr. 920/2006
3. Reglur um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995
4. Reglur um vélar og tæknilegan búnað nr. 761/2001
5. Reglur um öryggisbúnað véla nr. 492/1987*
* reglurnar gilda f. vélar eldri en 1997, leiðb. gilda fyrir allar vélar.
6. Reglur um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar nr. 609/1999*.
*reglurnar gilda fyrir krana sem framleiddir voru fyrir gildistöku reglna nr. 761/2001.
7. Reglur um notkun tækja nr. 367/2006
8. Reglur um skoðun og skráningu vinnuvéla nr. 388/1989.
9. Reglur um réttindi til að stjórna vinnuvélum nr. 198/1983.
10. Reglur um öryggisráðstafanir við vinnu í lokuðu rými nr. 429/1995
11. Reglugerð um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum
12. Reglugerð um verndun starfsmanna gegn hættum að völdum efna á vinnustöðum nr. 553/2004
13. Reglur um notkun persónuhlífa nr. 497/1994

Sjá ennfremur eftir því sem við á Vinnuumhverfisvísi um dráttarbrautir, skipalyftur og flotkvíar.